

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 1. desember 2022 í máli nr. 51/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 21. júní 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða henni 8.690 krónur.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 15. september 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi dags. 12. október 2022. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar, staðfesting á pöntun, afrit af tölvupóstum sóknaraðila til varnaraðila 29. apríl og 3. maí 2022 og afrit af skilaboðum sóknaraðila, send í gegnum Instagramsíðu varnaraðila dags. 4. maí 2022.

Með bréfi, dags. 24. nóvember 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum máls kemur fram að þann 23. apríl 2022 keypti sóknaraðili tvær vörur í vefverslun varnaraðila og greiddi 13.980 krónur fyrir þær ásamt sendingargjaldi að fjárhæð 1.290 krónur, alls 15.270 krónur, með millifærslu á reikning varnaraðila. Um var að ræða [...] að fjárhæð 8.690 krónur og [...] blautþurrkubox að fjárhæð 5.290 krónur. Með tölvupósti 29. apríl 2022 innti sóknaraðili varnaraðila um afhendingartíma varanna og ítrekaði það erindi sitt þann 3. maí 2022 án þess að fá viðbrögð frá varnaraðila. Þá sendi sóknaraðili skilaboð sama efnis til varnaraðila í gegnum Instagramsíðu hans 4. maí og 28. júní 2022. Þann 2. ágúst 2022 barst sóknaraðila önnur þeirra vara sem hún pantaði frá varnaraðila, [...] blautþurrkubox ásamt baðvörum sem sóknaraðili kveðst ekki hafa pantað hjá varnaraðila. Sóknaraðili vísar til þess að hafa ítrekað reynt að ná sambandi við varnaraðila vegna hinnar vörunnar sem vantaði í sendingu varnaraðila en án árangurs. Krefst sóknaraðili því þess að að varnaraðili endurgreiði henni 8.690 krónur vegna vörunnar sem ekki var afhent.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili festi kaup á tveimur barnavörum í vefverslun varnaraðila þann 23. apríl 2022, annars vegar [...] að fjárhæð 8.690 krónur og hins vegar [...] blautpurrkubox að fjárhæð 5.290 krónur. Greiddi sóknaraðila varnaraðila alls 15.270 krónur að meðtöldu sendingargjaldi. Að sögn sóknaraðila fékk hún blautpurrkuboxið afhent þann 2. ágúst 2022 en hefur enn ekki fengið hina vöruna afhenta. Sóknaraðili kveðst ekki hafa fengið neinar skýringar á þessu frá varnaraðila þrátt fyrir ítrekaða tölvupósta.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Aðilar kröfuréttarsambands geta í samræmi við þá meginreglu krafist þess að samningur verði efndur í samræmi við efni hans. Þá er fjallað um úrræði neytanda vegna afhendingardráttar seljanda í neytendakaupum í V. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl). Í málinu liggur fyrir að samningur um kaup á umræddum barnavörum komst á þann 23. apríl 2022 með greiðslu sóknaraðila að fjárhæð 15.270 krónur til varnaraðila. Af málgögnum má ráða að enn hefur ekki orðið af fullum efndum varnaraðila þrátt fyrir ítrekaðar óskir sóknaraðila þess efnis. Ekkert liggur fyrir um það að varnaraðila sé ófært að afhenda þær vörur sem um var samið. Í ljósi verulegra vanefnda varnaraðila verður fallist á það með sóknaraðila að hún geti rift samningnum og krafist endurgreiðslu úr hendi varnaraðila, sbr. 1. mgr. 23. gr. nkpl. Ber varnaraðila því að endurgreiða sóknaraðila 8.690 krónur.

V Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, greiði sóknaraðila, X, 8.690 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson